



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/395
komudagur 4.12.2008

4. des. 2008

Fjárlaganefnd Alþingis
Gunnar Svavarsson formaður.

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar dags. 20. nóvember 2008, þar sem óskað er álits umhverfisnefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 sem er á málefnasviði nefndarinnar ásamt því sem óskað er eftir tillögum að skiptingu á viðeigandi safnliðum.

Álit nefndarinnar sem og tillögur að skiptingu safnliða sendist hér með.

F.h. umhverfisnefndar Alþingis,

Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari

UMHVERFISNEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (14 Umhverfissráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfissráðuneytinu.

Heildarútgjöld umhverfissráðuneytis árið 2009 eru áætluð 9.412,0 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.195,0 m.kr., en þær nema 23,3% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.468 m.kr. og hækka um 743 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 73 m.kr. hækkun hjá Landgræðslu ríkisins, þar af 68 m.kr. vegna umsjónar með fyrirhleðslum sem nú flyst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfissráðuneytis í samræmi við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í öðru lagi 72 m.kr. hækkun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, þar af 47 m. kr. tengdar flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Í þriðja lagi 69 m.kr. hækkun vegna ýmissa mála hjá Umhverfisstofnun og í fjórða lagi 50 m.kr. hækkun hjá Úrvinnslusjóði á móti samsvarandi hækkun tekna af úrvinnslugjaldi.

Meðal helstu breytinga í frumvarpinu er 127,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum Umhverfisstofnunar, 99,3 m.kr. hækkun til Vatnajökulspjóðgarðs og 189,9 m.kr. hækkun til Landgræðslu ríkisins. Að þessum liðum frátöldum eru óverulegar breytingar á þeim fjárlagalið ráðuneytisins sem fjármagnaður er af ríkissjóði.

Nefndin leggur áherslu á að leitað sé leiða til að lækka útgjöld umhverfissráðuneytis enda er það brýnt í því ástandi sem nú ríkir og miðað við þær spár sem hafðar hafa verið uppi um fjárlagahalla næsta árs. Umhverfissráðuneytið kynnti nefndinni tillögur sínar til útgjaldalækkunar sem námu samtals 5,2% eða 296,7 m.kr. Telur nefndin mikilvægt að ná sem næst 10% lækkun útgjalda. Nefndin leggur þó ekki til sérstakar breytingar hvað þetta varðar og telur eðlilegra að fjárlaganefnd fari í slíka vinnu enda sé þar heildaryfirsýn. Telur nefndin þó rétt að benda á að samkvæmt fjárlagafrumvarpi er úthlutað 209,0 m.kr til nýrra verkefna. Frá ráðuneytinu fengust þær upplýsingar að sú upphæð lækkar um 47,0 m.kr. sem gert var ráð fyrir í flutning Náttúrufræðistofnunar Íslands í nýtt húsnæði. Eftir standa þó enn 162,0 m.kr. sem nefndin leggur áherslu á að verði lækkað eftir megni.

Nefndinni hafa borist 23 umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni, og komu fimm umsækjendur á fund nefndarinnar. Gerir nefndin að tillögu sinni að tólf umsækjendur fái styrk. Í tengslum við umsókn Náttúrufræðistofnu Kópavogs vísar nefndin til álits síns vegna fjárlaga 2008 og itrekar sjónarmið sem þar komu fram um að rétt sé að skoða hvort ekki sé ástæða til að stofan heyri undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Nefndin reyndi að halda þessum lið í lágmarki og miða tillögur að mestu við styrki í fjárlögum þessa árs þó að jafnframt séu styrkir lækkaðir nokkuð. Þá er flestum nýjum verkefnum hafnað. Nefndin gerir tillögu um úthlutun 22,8 m.kr. eða um 74% af þeim 30,8 m.kr. sem hún hefur til ráðstöfunar samkvæmt frumvarpinu. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram á sérstöku fylgiskjali.

Björk Guðjónsdóttir skrifar undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álitid með eftirfarandi fyrirvara: Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vinna við

fjárlagafrumvarpið í nefndum þingsins verið ómarkviss og í lágmarki. Vegna þess hversu óvissan í fjárreiðumálum þjóðarinnar er mikil teljum við illgerlegt að taka ábyrga afstöðu til einstakra málasviða frumvarpsins, enda forsendur þess brostnar. Upplýsingar sem nefndunum hafa borist eru af skornum skammti og því skortir sárlega heildaryfirsýn. Ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá sem tekur mið af þeim aðstæðum sem nú ríkja. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur í ljósi breyttra aðstæðna og því byggist núverandi fjárlagavinna hvorki á traustum né ábyrgum grunni. Tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir en ljóst er að í skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingu eru fólgnar kröfur um að skorið verði niður á fjölmörgum sviðum samfélagsins, enda á ríkissjóður að vera rekinn án halla árið 2012. Slíkt mun koma illa niður á opinberri fjármögnun í velferðarkerfi þjóðarinnar og hætt við að umhverfismálin verði sérstaklega illa úti í þeim niðurskurði.

Með vísan til framangreinds rökstuðnings og hversu lítið er vitað um hvernig meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verður háttað höfum við eindreginn fyrirvara við afgreiðslu þessa álits.

Guðfinna S. Bjarnadóttir og Illugi Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. desember 2008.

Helgi Hjörvar, form.,
Kjartan Ólafsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara,
Höskuldur Þórhallson,
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara,
Karl V. Matthíasson,
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.